

BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- AÐALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI: 450 7000
- NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Bolungarvík 16. apríl 2019

Verkefni: Urðunarstaður, Hóli Bolungarvík

Starfsleyfi – undanþága frá fjarlægðarmörkum

Í bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 8. apríl 2019, var vakin athygli á því að urðunarstaðurinn að Hóli í Bolungarvík, sem nú er í umsóknarferli vegna starfsleyfis, uppfylli ekki 500 metra fjarlægðarmörk frá byggð samanber 12. grein reglugerðar nr. 738/2003.

Bolungarvíkurkaupstaður sækir því um undanþágu frá 12. grein reglugerðarinnar út frá eftirfarandi ástæðum:

1. Aðeins lítt hluti byggðarinnar er innan 500 metra fjarlægðarmarkanna.
2. Það íbúðarhús, með þremur íbúðum, sem er næst urðunarstaðnum er í um 290 metra fjarlægð frá honum, næstu íbúðarhús eru síðan í um 380 metra fjarlægð.
3. Það skólahús sem er næst urðunarstaðnum, leikskóli sem fer í nýtt hús fjarri urðunarstaðnum, er í um 380 metra fjarlægð. Grunnskólinn er næst urðunarstaðnum í um 440 metra fjarlægð.
4. Urðunarstaðurinn er aðeins sýnilegur frá litlum hluta þess svæðis sem er innan 500 metra fjarlægðarmarkanna. Um er að ræða tvö íbúðarhús með þremur íbúðum sem eru í um 460 metra fjarlægð. Sú sýn fer minnkandi vegna uppsetningar á mön á norðurmörkum urðunarstaðarins.
5. Aðeins er verið að urða óvirkan úrgang á svæðinu.
6. Undanfarin fjögur ár hafa verið urðuð 7,0 til 47,8 tonn á ári, að meðaltali 31,1 tonn.
7. Timbur er brotið niður, samkvæmt leyfi Heilbrigðiseftirlits, og búin til úr því, ásamt gróðurleyfum og mold, mön til að minnka ásýnd svæðisins.
8. Undanfarin ár hefur verið kappkostað að bæta ásýnd urðunarstaðarins og mun svo verða áfram.

Af ofngreindum ástæðum sækir Bolungarvíkurkaupstaður um undanþágu frá fjarlægðarmörkum, samkvæmt 12. grein reglugerðar númer 738/2003, fyrir urðunarstaðinn að Hóli.

BYGGINGARFULLTRÚINN

BOLUNGARVÍK


Gísli Gunnlaugsson

Byggingarfulltrúi